

# SAMKOMULAG

## um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Með vísan til stofnsamnings um lánatryggingasjóð kvenna frá 7. apríl 1997 gera velferðarráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og Reykjavíkurborg með sér eftirfarandi samkomulag um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

### 1. gr.

#### *Hlutverk og áherslur*

Hlutverk lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins ásamt því að tryggja að ráðgjöf og handleiðsla verði tengd veitingu ábyrgða úr sjóðnum.

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi.
- Að veita ráðgjöf og stuðning við konur sem fá lán og gefa þeim kost á handleiðslu og stuðningi.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

### 2. gr.

#### *Stjórn*

Stjórn lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem velferðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Velferðarráðherra skipar stjórnarformann og iðnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa hvort.

### 3. gr.

#### *Hlutverk stjórnar*

Verkefni stjórnar er að móta lánareglur lánatryggingasjóðs kvenna í samráði við stofnaðila sjóðsins.

### 4. gr.

#### *Fjármunir og ábyrgð*

Ábyrgð stofnaðila er bundin við stofnfé sjóðsins eins og það er á hvetjum tíma. Fjármunir sjóðsins við undirskrift samkomulags þessa eru 70.262.000 krónur.

**5. gr.**  
***Gildistími***

Samkomulag þetta gildir fyrir tímabilið 8. mars 2011 til 31. desember 2014. Fyrir 1. júní 2014 skal tekin ákvörðun um framhald starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Reykjavík

9. mars 2011

---

f.h. velferðarráðuneytis

---

f.h. iðnaðarráðuneytis

---

f.h. Reykjavíkurborgar